Júlí 2020

# Ársskýrsla dómsmálaráðherra 2019

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



**Ársskýrsla dómsmálaráðuneytisins**

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7 – 101 Reykjavík
545 9000 | dmr@dmr.is

Júlí 2020

Ábyrgðarmaður: Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
Umsjón: Dómsmálaráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson
& Einar Guðmundsson

© 2020 – Dómsmálaráðuneytið

**stjornarradid.is**

# Efnisyfirlit

**Ávarp ráðherra** **4**

**Starfsemi ráðuneytisins** **7**

Helstu verkefni 2019 7

Um ársskýrsluna 11

Rekstur og fjárfestingar 2019 11

**Frávikagreining – málefnasvið og málaflokkar 2019** **13**

**Ávinningur af ráðstöfun fjármuna** **16**

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir 16

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða 31

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila 32



# Ávarp ráðherra

Á árinu 2019 voru ör ráðherraskipti í dómsmálaráðuneytinu. Ég var þriðji ráðherrann það ár þegar ég tók við embættinu í september 2019. Fjölmörg mikilvæg málefni voru í vinnslu í ráðuneytinu á þeim tíma, en þegar var hafist handa við að hraða vinnu í nokkrum þeirra.

Undir dómsmálaráðuneytið heyra grunnstoðir ríkisins; lögregla, landhelgisgæsla og dómstólar, ásamt öðrum grundvallarverkefnum sem varða réttindi einstaklinga, málefni útlendinga, kirkjuna, sýslumenn, persónuvernd og svo mætti áfram telja. Áhersla ráðuneytisins hefur verið að styrkja þessar stoðir íslenska ríkisins en um leið leita leiða við að hámarka skilvirkni og standa vörð um aðhald í ríkisrekstri.

Á árinu voru málefni tengd peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka tekin föstum tökum. Enda þótt vinna væri langt komin og fyrir lagi skýr tímasett aðgerðaráætlun, var Ísland sett á lista ríkja sem ekki uppfylltu skilyrði FATF. Áfram hefur verið unnið ötullega að því að klára þau verkefni sem ætti að öllu jöfnu að leiða til þess að Ísland fari af svokölluðum gráum lista FATF. Einnig hefur verið unnið að því að uppfylla skilyrði næstu skrefa og stuðla þannig að því að Ísland standi framarlega meðal þjóða í þessum málaflokki.

Á árinu var lögð mikil áhersla á rafrænar lausnir í mismunandi þáttum á málefnasviðum ráðuneytisins. Nokkrum verkefnum var komið á þann rekspöl að komast í gagnið á árinu 2020. Þar má nefna rafræn ökuskírteini, rafrænar þinglýsingar og eyðublöð hjá sýslumannsembættum auk þess sem unnið er að því að koma á rafrænu þjónustulagi á milli allra stofnana réttarvörslukerfisins.

Framleiðsla nýrra vegabréfa hófst hjá Þjóðskrá Íslands 1. febrúar 2019. Helstu breytingar fólust í auknu öryggi í framleiðslukerfi og vegabréfabókum en útlit breytist einnig.

Haustið 2019 var lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp um breytingu á dómstólalögum um stofnun Endurupptökudóms. Þar er gert ráð fyrir að settur verði á fót sérstakur dómstóll sem metur hvort endurupptaka eigi þegar dæmd mál.

Í september 2019 undirrituðu fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar viðbótarsamning um fjárhagsmálefni ríkis og þjóðkirkjunnar. Samningurinn gerir meðal annars ráð fyrir að þjóðkirkjan beri fulla ábyrgð á eigin fjármálum og ákveði fjölda starfsmanna sinna. Með samningnum er sjálfstæði þjóðkirkjunnar aukið og sett skýrari mörk milli ríkis og kirkju.

Á sviði útlendingamála fór fram vinna með það markmið að leiðarljósi að tryggja öllum umsækjendum um alþjóðlega vernd skilvirka og mannúðlega afgreiðslu mála sinna svo að þeir fái notið þeirra réttinda sem þeim ber hér á landi. Mikilvægt er að þeir fjármunir sem renna til málaflokksins nýtist sem best þeim sem eru í mestri þörf fyrir vernd.

Í lok árs var sett á stofn sérstakt lögregluráð þar sem allir lögreglustjórar landsins eiga sæti undir formennsku ríkislögreglustjóra. Markmið ráðsins er að auka samvinnu og samráð innan lögreglunnar og gera þannig störf hennar skilvirkari, auk þess að tryggja samræmda framkvæmd þar sem við á. Mikilvægi samvinnu innan löggæslunnar verður seint ofmetið. Í þessum málaflokki svo mannafli og tæki nýtist sem best við að tryggja öryggi landsmanna.

Nútíminn krefst skilvirkni og nýtingu nútíma tækni til að tryggja megi öryggi og rétt borgaranna með sem bestum hætti. Skýr sýn mótuð með þeim sem best þekkja er líklegust til árangurs.



*Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir*
*dómsmálaráðherra*

# Starfsemi ráðuneytisins

# Starfsemi ráðuneytisins

Dómsmálaráðuneytið ber ábyrgð á 3 málefnasviðum og 14 málaflokkum:

| 02 Dómstólar | 09 Almenna- og réttaröryggi | 10 Réttindi einst., trúmál og stjórnsýsla dómsmála |
|---|---|---|
| Hæstiréttur | Löggæsla | Persónuvernd |
| Héraðsdómstólar | Landhelgi | Trúmál |
| Landsréttur | Ákæruvald og réttarvarsla | Sýslumenn |
| Dómstólasýslan | Réttaraðstoð og bætur | Stjórnsýsla DMR |
| | Fullnustumál | Útlendingamál |

Starfsemi ráðuneytisins nær til þriggja málefnasviða samkvæmt lögum um opinber fjármál og snerta fjölmörg svið þjóðfélagsins. Þau varða meðal annars almannavarnir, ákæruvald, dómstóla, réttarfar, mannréttindi, fullnustu dóma, landhelgisgæslu, löggæslu, persónurétt, sýslumenn og kosningar. Hjá ráðuneytinu starfa rúmlega 40 starfsmenn og heyra 30 stofnanir undir starfsemi þess. Starfsemi stofnana skipast eftir málefnasviðum þannig að undir málefnasviðið dómstólar heyra héraðsdómstólar, Landsréttur, Hæstiréttur og dómstólasýslan. Níu lögregluembætti, Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan, ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og Fangelsismálastofnun heyra undir málefnasviðið almanna- og réttaröryggi, og Persónuvernd, Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála og níu sýslumannsembætti undir málefnasviðið réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmálaráðuneytisins. Skipurit ráðuneytisins skiptist hins vegar niður á fjórar skrifstofur sem eru lagaskrifstofa, skrifstofa almanna- og réttaröryggis, skrifstofu réttinda einstaklinga og skrifstofu fjármála og rekstrar.

## Helstu verkefni 2019

Unnið var að verkefni er lýtur að því að bjóða upp á þinglýsingu meginatriða skjala með rafrænni færslu. Verkefnið mun leiða af sér aukna skilvirkni við þinglýsingar og stuðla að öruggari málsmeðferð, auk þess að bæta þjónustustigið og auka ánægju þjónustuþega þar sem miðað er við að færslu verði þinglýst á sekúndubrotum. Þá er jafnframt reiknað með að verkefnið muni skila, með tímanum, umtalsverði hagræðingu hjá sýslumannsembættunum. Gert er ráð fyrir að rafrænar þinglýsingar komist í gagnið á árinu 2019.

Áfram hefur verið unnið að því að koma á rafrænu þjónustulagi á milli allra stofnana réttarvörslukerfisins. Verkefnið hófst með undirbúningsvinnu á vegum innanríkisráðuneytisins 2014 þar sem unnið var að fyrstu greiningu á stöðu gagnasamskipta. Markmiðið með verkefninu nú er að gögn réttarvörslukerfisins verði aðgengileg rafrænt þvert á stofnanir með öruggum hætti. Einnig að ferlar verði endurskoðaðir við vinnslu gagna með tillit til nýrrar tækni og lögum breytt til samræmis. Markmiðið er einnig að bætt verði yfirsýn yfir réttarvörslukerfið í heild, t.d. tölfræði, tímalína máls og rekjanleiki. Enn fremur verði veittur aðgangur fyrir ytri aðila, t.d. lögmenn og málsaðila. Leiðarljós verkefnisins eru þrjú, aðgengi, öryggi og skilvirkni. Verkefnið nær til allra stofnana innan réttarvörslukerfisins en gera má ráð fyrir því að áhrifa þess muni gæta enn víðar. Er verkefnið unnið í samvinnu við lögreglu, ákæruvald, dómstóla og fullnustustofnanir og eiga þessar stofnanir fulltrúa í stýrihópi verkefnisins. Auk þess koma að verkefninu fulltrúar verkefnastofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins um stafrænt Ísland. Mikil samlegð er í verkefninu við önnur verkefni verkefnastofunnar auk þess sem það styður mjög vel við það markmið ríkisstjórnarinnar um að árið 2020 verði stafræn þjónusta megin samskiptaleið hins opinbera við almenning, stofnanir og fyrirtæki.

Haustið 2019 lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp um breytingu á dómstólalögum umstofnun Endurupptökudóms. Þar er gert ráð fyrir að settur verði á fót sérstakur dómstóll sem metur hvort endurupptaka eigi þegar dæmd mál. Skal dómstóllinn koma í stað endurupptökunefndar.

Á árinu 2019 hóf dómsmálaráðuneytið samstarf við fjármála- og efnahagsráðuneytið við endurmat útgjalda hjá sýslumannsembættunum (e. spending review). Verkefnalýsingin miðaði að því að greina m.a. rekstur embættanna heildstætt og tækifærin til að styrkja þau, svo sem með auknum verkefnum, innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar og betri nýtingu húsnæðis. þ. á m. með auknum verkefnum og innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar. Markmið verkefnisins er að endurmeta rekstrargrundvöll sýslumannsembætta með tilliti til þess að auka svigrúm í rekstri, bæta starfsumhverfi, auka ánægju með þjónustu og auka skilvirkni málsmeðferðarinnar. Samhliða greiningarvinnunni hófst ráðuneytið handa á ýmsum umbótaverkefnum á sviði stafrænnar þjónustu sem talin voru styðja við framangreind markmið og þoldu ekki bið eftir endanlegri skýrslu um endurmatið.

Þá var unnið að nauðsynlegum undanförum rafrænna þinglýsinga, svo sem greiningarvinnu, kvaðayfirferð sýslumanna og leiðréttingu á skráningu kröfuhafa, auk þess að tæknilýsing fyrir rafrænar þinglýsingar var uppfærð m.t.t. breyttra forsendna og tækniþróunar. Með rafrænum þinglýsingum verður unnt að þinglýsa meginatriðum skjala með rafrænum og sjálfvirkum hætti á fáeinum sekúndum. Breytt framkvæmd við þinglýsingar mun þannig bæta þjónustustigið til muna og stuðla að öruggri og

samræmdri málsmeðferð. Þá er jafnframt reiknað með að verkefnið muni með tímanum skila umtalsverðri hagræðingu hjá sýslumannsembættunum. Gert er ráð fyrir að rafrænar þinglýsingar komist í gagnið á árinu 2020.

Í september 2019 undirrituðu fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar viðbótarsamning um fjárhagsmálefni ríkis og þjóðkirkjunnar, sem felur í sér endurskoðun á samkomulagi milli sömu aðila um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjujarðasamkomulagið) og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998. Samningurinn felur í sér stóraukið fjárhagslegt sjálfstæði þjóðkirkjunnar í fjármálum og starfsmannamálum og stefnt er að því að einfalda allt lagaumhverfi og fyrirkomulag á þeim greiðslum sem þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði. Samningurinn gerir meðal annars ráð fyrir að þjóðkirkjan beri fulla ábyrgð á eigin fjármálum og ákveði fjölda starfsmanna sinna. Þar á meðal átti þjóðkirkjan að annast launagreiðslur til starfsfólks síns frá 1 janúar 2020 og til að ná því markmiði lagði ráðherra fram frumvarp til laga á haustþingi 2019 um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og fleiri lögum sem tóku gildi 1. janúar 2020. Þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar sem hingað til hafa fengið laun sín greidd úr ríkissjóði munu framvegis þiggja laun sín frá þjóðkirkjunni og teljast þá ekki til embættismanna eða starfsmanna ríkisins. Um svipað leyti hófst undirbúningur að frekari lagabreytingum í samræmi við samninginn og viljayfirlýsingu sem honum fylgdi sem gert er ráð fyrir að öðlist gild á árinu 2020. Felur frumvarpið fyrst og fremst í sér niðurlagningu tiltekinna sjóða kirkjunnar þar sem viðbótarsamningurinn gerir ráð fyrir að í stað þeirra framlaga sem runnið hafa til sjóðanna samkvæmt upphaflegum samningi og lögum sem um þá gilda mun ríkið greiða þjóðkirkjunni árlegt framlag.

Á sviði útlendingamála fór fram vinna með það markmið að leiðarljósi að tryggja öllum umsækjendum um alþjóðlega vernd skilvirka og mannúðlega afgreiðslu mála sinna svo að þeir fái notið þeirra réttinda sem þeim ber hér á landi. Leitað var leiða til að stytta enn frekar málsmeðferðartíma umsókna um alþjóðlega vernd en tryggja um leið réttláta málsmeðferð. Dómsmálaráðherra gaf í júlí 2019 út breytingar á reglugerð um útlendinga sem fólu í sér að Útlendingastofnun yrði heimilt, á grundvelli sérstakrar beiðni eða að eigin frumkvæði, að taka til efnismeðferðar umsókn barns sem hefur fengið vernd í öðru ríki, séu meira en 10 mánuðir liðnir frá því að umsókn barst íslenskum stjórnvöldum og tafir á afgreiðslu hennar eru ekki á ábyrgð umsækjanda sjálfs.

Framleiðsla nýrra vegabréfa hófst hjá Þjóðskrá Íslands 1. febrúar 2019. Ný útgáfa vegabréfa hafði verið í undirbúningi síðan 2015. Stofnkostnaður var um 200 milljónir króna og var fjármagnaður af Landamærasjóði ESB, dómsmálaráðuneytinu og Þjóðskrá Íslands.

Helstu breytingar fólust í auknu öryggi í framleiðslukerfi og vegabréfabókum en útlit breytist einnig. Helstu útlitsbreytingarnar birtast í landslagsmyndum á hverri opnu, úr öllum landshlutum, ásamt staðsetningu þeirra á korti. Heiðlóan er jafnframt áberandi, en kápan hélt bláa litnum sem hefur einkennt íslensk vegabréf. Með nýrri útgáfu af íslenska vegabréfinu var verið að auka öryggi í útgáfu vegabréfa á Íslandi í samræmi við auknar kröfur og alþjóðlega staðla. Í maí 2019 tóku gildi lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, fyrsta heildstæða löggjöfin um persónuvernd á sviði löggæslu og því mikil réttarbót. Með tilkomu laganna eru réttindi einstaklinga gagnvart löggæsluyfirvöldum skýrari og gagnsærri en áður. Janframt greiða lögin fyrir nauðsynlegum upplýsingaskiptum á milli stofnana á sviði löggæslu.

Í lok árs var sett á stofn sérstakt lögregluráð þar sem allir lögreglustjórar landsins eiga sæti undir formennsku ríkislögreglustjóra. Markmið ráðsins er að auka samvinnu og samráð innan lögreglunnar og gera þannig störf hennar skilvirkari, auk þess að tryggja samræmda framkvæmd þar sem við á.

Vinna við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur verið umfangsmikil, en Í október 2019 var Ísland sett á svonefndan „gráa lista“ alþjóða fjármálaaðgerðahópsins FATF vegna ófullnægjandi varna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í kjölfarið samþykktu samtökin sérstaka aðgerðaáætlun fyrir Ísland, þar sem tilgreindar voru tilteknar aðgerðir sem þarf að ljúka til þess að Ísland komist aftur af umræddum lista. Ötullega hefur verið unnið að þeim aðgerðum allt frá því að aðgerðaáætlunin var samþykkt, en þær hafa kallað á viðamikla vinnu af hálfu hlutaðeigandi stjórnvalda. Er stefnt að því að öllum aðgerðum á aðgerðaáætluninni verði lokið með fullnægjandi hætti haustið 2020 þannig að Ísland komist af umræddum lista á þessu ári.

Samhliða þessu hefur verið unnið að því að sækja um hækkun á tilmælum hjá FATF, þar sem metið er hversu vel aðildarríki hafa aðlagað löggjöf sína að tilmælum samtakanna, auk þess sem hafin er vinna við að endurskoða ákvæði íslenskrar löggjafar um svokallaðar sýndareignir. Þá liggur enn fremur fyrir hjá Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, til innleiðingar á því sem ekki hefur þegar verið innleitt af fimmtu peningaþvættistilskipun Evrópusambandsins.

Nýtt evrópskt persónuverndarregluverk var innleitt í ný persónuverndarlög sem tóku gildi á árinu 2018. Við þessa breytingu jókst verulega áhugi fyrirtækja, stofnana, almennings og fjölmiðla á hinu nýja regluverki ásamt áhuga á persónuverndarmálefnum almennt sem stofnunin hefur svarað fyrir.

# Um ársskýrsluna

Skýrsla þessi er gerð skv. 62. gr. laga um opinber fjármál 123/2015 þar sem gera skal m.a. grein fyrir niðurstöðum útgjalda innan málefnasviða og málaflokka og þau borin saman við fjárheimildir fjárlaga. Auk þess skal meta ávinning af ráðstöfun fjárveitinga með tilliti til settra markmiða og aðgerða. Skýrslan er því í raun uppgjör á fjárlögum fyrra árs.

# Rekstur og fjárfestingar 2019

Myndin sýnir málefnasvið á forræði dómsmálaráðherra. Óbyggðanefnd og ríkislögmaður tilheyra Almanna- og réttaröryggi en þessar stofnanir eru á ábyrgð forsætisráðherra og eru fjárhæðir þessu tengdar ekki teknar með hér.

Útgjöld dómsmálaráðuneytisins námu samtals 44.3 mö.kr. á árinu 2019.

Stærstur hluti útgjalda ráðuneytisins er til Almanna- og réttaröryggis eða 57,8%.

**Raun útgjöld málefnasviða (m.kr.)**
Rekstrarútgjöld og fjárfestingar




**Mynd 1.** Málefnasvið á forræði dómsmálaráðherra.

# Frávikagreining – Málefnasvið og málaflokkar

# Frávikagreining – málefnasvið og málaflokkar 2019

## Rekstur málefnasviða og málaflokka

**Tafla 1.** Rekstur málefnasviða og málaflokka.

| | Málaflokkar | Rekstur ársins | Fjárheimild ársins | Frávik innan ársins | Frávik í % | Fjárheimildir frá fyrra ári | Heildar-frávik | Heildar-frávik í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **02** | **Dómstólar** | **3.027.088.780** | **3.053.585.046** | **26.496.266** | **0,87%** | **53.459.458** | **79.955.724** | **2,57%** |
| | 0210 - Hæstiréttur | 222.872.548 | 243.254.666 | 20.382.11 | 8,38% | 3.603.534 | 23.985.652 | 9,72% |
| | 0220 - Héraðsdómstólar | 1.799.222.906 | 1.799.934.588 | 711.682 | 0,04% | 36.301.039 | 37.012.721 | 2,02% |
| | 0230 - Landsréttur | 724.533.636 | 738.284.065 | 13.750.429 | 1,86% | -15.760.324 | -2.009.895 | -0,28% |
| | 0240 - Dómstólasýslan | 280.459.690 | 272.111.727 | 8.347.963 | -3,07% | 29.315.209 | 20.967.246 | 6,96% |
| **09** | **Almanna- og réttaröryggi** | **25.631.284.663** | **25.453.944.425** | **177.340.238** | **-0,70%** | **-132.119.649** | **-309.459.887** | **-1,22%** |
| | 0910 - Löggæsla | 15.311.196.595 | 15.731.891.082 | 420.694.487 | 2,67% | -158.620.322 | 262.074.165 | 1,68% |
| | 0920 - Landhelgi | 4.638.956.589 | 4.590.848.096 | 48.108.493 | -1,05% | -12.332.698 | -60.441.191 | -1,32% |
| | 0930 - Ákæruvald og réttarvarsla | 1.317.358.576 | 1.343.862.999 | 26.504.423 | 1,97% | 46.790.624 | 73.295.047 | 5,27% |
| | 0940 - Réttaraðstoð og bætur | 2.296.414.556 | 1.766.700.000 | 529.714.556 | -29,98% | 0 | -529.714.556 | -29,98% |
| | 0950 - Fullnustumál | 2.067.358.347 | 2.020.642.248 | 46.716.099 | -2,31% | -7.957.253 | -54.673.352 | -2,72% |
| **10** | **Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála** | **15.721.132.399** | **15.551.917.983** | **169.214.416** | **-1,09%** | **92.516.190** | **-76.698.226** | **-0,49%** |
| | 1010 - Persónuvernd | 291.405.137 | 290.523.692 | 881.445 | -0,30% | 705.137 | -176.308 | -0,06% |
| | 1020 - Trúmál | 7.328.116.970 | 7.526.897.074 | 198.780.104 | 2,64% | 293.135.659 | 491.915.763 | 6,29% |
| | 1030 - Sýslumenn | 2.873.618.715 | 2.981.401.990 | 107.783.275 | 3,62% | -227.179.396 | -119.396.121 | -4,34% |
| | 1040 - Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis | 980.103.832 | 1.015.806.390 | 35.702.558 | 3,51% | -82.200.098 | -46.497.540 | -4,98% |
| | 1050 - Útlendingamál | 4.247.887.745 | 3.737.288.837 | 510.598.908 | -13,66% | 108.054.888 | -402.544.020 | -10,47% |

- Málefnasvið dómsmálaráðuneytisins eru öll með óverulegt frávik frá áætlun ársins og einnig ef tekið er tillit til afkomu fyrri ára. Nokkrir málaflokkar eru með frávik sem vert er að gera grein fyrir.
- Hæstiréttur var 20 milljónir innan heimilda, aðstoðarmenn voru færri en gert var ráð fyrir þar sem starfsemi Landsréttar er ekki komin í fullan gang og eins voru færri skrifstofumenn en fjárlög gera ráð fyrir.
- Réttaraðstoð og bætur var 529 m.kr. umfram fjárheimild en hér er um að ræða málskostnað í opinberum málum og réttaraðstoð sem ráðast af utanaðkomandi þáttum sem hafa verið talsvert umfram fjárheimildir undanfarin ár.
- Útlendingamál eru 13.6% umfram heimildir eða 510m.kr. Sértekjur voru áætlaðar of háar, húsnæðiskostnaður er hærri og heilbrigðisþjónustan var talsvert hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Samtals eru frávik vegna þessara liða 344 miljónir króna.



# Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

# Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

## Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Á næstu síðum verður farið yfir markmið og aðgerðir þeim tengdum í málaflokkum dómsmálaráðuneytisins sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga 2019. Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum. Staða aðgerða miðast við árslok 2019.

Í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál skal ráðherra setja fram stefnu fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á til eigi skemmri tíma en fimm ára. Ekki er ólíklegt að í þeirri stefnumótunarvinnu sem unnin verður á næstu misserum verði breytingar á þeim markmiðum og mælikvörðum sem áður hafa verið sett fram.



# Dómstólar Málefnasvið 2

Sömu markmið gilda fyrir alla dómstóla

## Verkefni/aðgerðir

| Málaflokkar | Staða og fjöldi aðgerða | Samt. |
|---|---|---|
| Dómstólar | ● 2 | 2 |
| **Samtals aðgerðir** | **● 2** | **2** |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 1

### Aðgangur að dómstólum sé greiður, málsmeðferð skilvirk og réttlát og mannréttindi virt

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| ● Endurnýjun málaskrár héraðsdómstólanna. | 2018 – 2024 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 2

### Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt

| Aðgerðir | Tímabil aðgerða |
|---|---|
| ● Endurnýjun málaskrár héraðsdómstólanna. | 2018 – 2024 |
| ● Unnið að rafrænu þjónustulagi milli stofnana réttarvörslukerfisins sem tryggir yfirsýn og rekjanleika mála innan þess. | 2018 – 2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð vel á veg komin ● Aðgerð lokið

# Almanna- og réttaröryggi Málefnasvið 9

## Verkefni/aðgerðir

| Málaflokkar | Staða og fjöldi aðgerða: Undirbúningur hafinn (appelsínugulur) | Aðgerð hafin (gulur) | Aðgerð komin vel á veg (grænblár) | Aðgerð lokið (dökkgrænn) | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|
| 9.1 Löggæsla | | 6 | 3 | 1 | 10 |
| 9.2 Landhelgi | 1 | | 2 | | 3 |
| 9.3 Ákæruvald og réttarvarsla | | 1 | 4 | | 5 |
| 9.5 Fullnustumál | | 3 | 1 | | 4 |
| **Samtals aðgerðir** | **1** | **10** | **10** | **3** | **24** |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## 09.1 Löggæsla

### MARKMIÐ 1

### Besta mögulega þjónustustig

| Staða | Aðgerð | Tímabil |
|---|---|---|
| Aðgerð hafin | Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsinga fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnasamskipti á milli stofnana. | 2018 – 2024 |
| Aðgerð komin vel á veg | Innleiðing á löggæsluáætlun. | 2017 – 2021 |
| Aðgerð hafin | Styrking eftirlits og áhættugreiningar lögreglu til að efla landamæraeftirlit. | 2018 – 2022 |
| Aðgerð hafin | Tryggja að menntun og þjálfun landamæravarða og lögreglu standist þau viðmið sem fram koma í kjarnanámskrá Landamæra og strandgæslustofnunar Evrópu (Frontex). | 2018 – 2022 |
| Aðgerð hafin | Endurnýjun á búnaði á landamærastöðvum, þróun á bæði eldri og nýjum Schengen kerfum og kaup og innleiðing á lífkennaupplýsingakerfi. | 2019 – 2023 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 1

### Besta mögulega þjónustustig

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| Efla samkeyrslu og mynstursgreiningu á farþegalistagreiningu lögreglu. | 2018 – 2022 |
| Innleiða samþætta landamærastjórn og áhættugreiningarsniðmát Frontex. | 2018 – 2022 |
| Málsmeðferð í kynferðisbrotamálum verði efld hjá lögreglu í samræmi við samþykkta aðgerðaráætlun sama efnis. | 2018 – 2022 |
| Greiningardeild ríkislögreglustjóra efld til að sinna greiningum vegna fjármögnunar hryðjuverka og áhættumati vegna peningaþvættis. | 2019 – 2023 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 2

### Hæsta mögulega öryggisstig

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsinga fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnasamskipti á milli stofnana. | 2018 – 2024 |
| Innleiðing á löggæsluáætlun. | 2017 – 2021 |
| Styrking eftirlits og áhættugreiningar lögreglu til að efla landamæraeftirlit. | 2018 – 2022 |
| Tryggja að menntun og þjálfun landamæravarða og lögreglu standist þau viðmið sem fram koma í kjarnanámskrá Landamæra og strandgæslustofnunar Evrópu ( Frontex). | 2018 – 2022 |
| Endurnýjun á búnaði á landamærastöðvum, þróun á bæði eldri og nýjum Schengen kerfum og kaup og innleiðing á lífkennaupplýsingakerfi. | 2019 – 2023 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 2

### Hæsta mögulega öryggisstig

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| ● Efla samkeyrslu og mynstursgreiningu á farþegalistagreiningu lögreglu. | 2018 – 2022 |
| ● Innleiða samþætta landamærastjórn og áhættugreiningarsniðmát Frontex. | 2018 – 2022 |
| ● Málsmeðferð í kynferðisbrotamálum verði efld hjá lögreglu í samræmi við samþykkta aðgerðaráætlun sama efnis. | 2018 – 2022 |
| ● Bættur búnaður lögreglu í samræmi við áherslur löggæsluáætlunar. | 2017 – 2022 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 3

### Traust og heiðarleg lögregla

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| ● Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnanna réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsinga fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnaskipti á milli stofnana. | 2018 – 2024 |
| ● Innleiðing á löggæsluáætlun. | 2017 – 2021 |
| ● Málsmeðferð í kynferðisafbrotamálum verði efld hjá lögreglu í samræmi við samþykkta aðgerðaráætlun. | 2018 – 2022 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## 09.2 Landhelgi

### MARKMIÐ 1

### Tryggja almannaöryggi, löggæslu og eftirlit í auðlindalögsögu Íslands í samræmi við öryggis- og þjónustustig

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| ● Þyrluáhöfnum verði fjölgað úr fimm í sex. | 2018 – 2023 |
| ● Uppfærsla á eftirlitsbúnaði flugvélarinnar TF-SIF. | 2019 – 2020 |
| ● Kaup á þremur nýjum þyrflum. | 2018 – 2023 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 2

### Viðbúnaður í leit og björgun verði í samræmi við öryggis- og þjónustustig

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| ● Þyrluáhöfnum verði fjölgað úr fimm í sex. | 2018 – 2023 |
| ● Uppfærsla á eftirlitsbúnaði flugvélarinnar TF-SIF. | 2019 – 2020 |
| ● Kaup á þremur nýjum þyrflum. | 2018 – 2023 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## 09.3 Ákæruvald og réttarvarsla

### MARKMIÐ 1

**Aðgengi almennings til að setja fram kærur sé greitt, rannsóknir hefjist án óeðlilegra tafa, þeim sé sinnt af fagmennsku, rannsókn og ákærumeðferð sé lokið innan eðlilegs tíma með ákvörðun um hvort ákæra verði gefin út og meðferð máls sé í samræmi við málsmeðferðarreglur, unnin af vandvirkni og mannréttindi virt í hvívetna**

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| ● Ríkissaksóknari heldur málsstofur og námskeið fyrir ákærendur til að auka gæði ákæruvaldsstarfa. | 2018 – 2023 |
| ● Málsmeðferð kynferðisbrota bætt í samræmi við aðgerðaráætlun um meðferð kynferðisbrota. | 2018 – 2022 |
| ● Peningaþvættisskrifstofa héraðssaksóknara efld til að tryggja betri úrvinnslu tilkynninga og greininga sem skrifstofan sinnir. | 2018 – 2020 |
| ● Kaup og rekstur á nýju hugbúnaðarkerfi fyrir peningaþvættis-skrifstofu héraðssaksóknara. | 2018 – 2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 2

### Að öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| Ríkissaksóknari heldur málsstofur og námskeið fyrir ákærendur til að auka gæði ákæruvaldsstarfa. | 2018 – 2023 |
| Málsmeðferð kynferðisbrota bætt í samræmi við aðgerðaráætlun um meðferð kynferðisbrota. | 2018 – 2022 |
| Peningaþvættisskrifstofa héraðssaksóknara efld til að tryggja betri úrvinnslu tilkynninga og greininga sem skrifstofan sinnir. | 2018 – 2020 |
| Kaup og rekstur á nýju hugbúnaðarkerfi fyrir peningaþvættis-skrifstofu héraðssaksóknara. | 2018 – 2020 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 3

### Að fyrir liggi skýr mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu, þar með talið eyjum umhverfis landið, eigi síðar en 2024

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| Starfsemi óbyggðanefndar styrkt til að flýta málsmeðferð. | 2019 – 2023 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

## 09.5 Fullnustumál

### MARKMIÐ 1

### Fullnustuyfirvöld verði í stakk búin til að fullnusta refsingar með öruggum, skilvirkum og árangursríkum hætti í samræmi við samfélagslega og tæknilega þróun og að tryggja að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| ● Aðgerðir sem miða að auknum innheimtuárangri. | 2018 – 2022 |
| ● Taka í notkun fleiri fangarými, þ.e. Tryggja fullan rekstur á Hólmsheiði svo afplánun geti hafist á réttum tíma. | 2018 – 2019 |
| ● Efling á sálfræði- og meðferðarúrræðum í fangelsum. | 2018 – 2022 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 2

### Stuðla að farsælli aðlögun dómþola að samfélaginu

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| ● Aðgerðir sem miða að auknum innheimtuárangri. | 2018 – 2022 |
| ● Taka í notkun fleiri fangarými, þ.e. Tryggja fullan rekstur á Hólmsheiði svo afplánun geti hafist á réttum tíma. | 2018 – 2019 |
| ● Efling á sálfræði- og meðferðarúrræðum í fangelsum. | 2018 – 2022 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 3

### Að öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| 🟡 Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsingar fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnasamskipti á milli stofnanna. | 2016 – 2022 |

🟣 Aðgerð ekki hafin 🟠 Undirbúningur hafinn 🟡 Aðgerð hafin 🔵 Aðgerð komin vel á veg 🟢 Aðgerð lokið

# Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis Málefnasvið 10

### Verkefni/aðgerðir

| Málaflokkar | Staða og fjöldi aðgerða | | | Samt. |
|---|---|---|---|---|
| | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið | |
| 10.1 Persónuvernd | 1 | 1 | 2 | 4 |
| 10.3 Sýslumenn | 1 | | 1 | 2 |
| 10.5 Útlendingamál | 1 | | | 1 |
| **Samtals aðgerðir** | **3** | **1** | **3** | **7** |

🟣 Aðgerð ekki hafin 🟠 Undirbúningur hafinn 🟡 Aðgerð hafin 🔵 Aðgerð komin vel á veg 🟢 Aðgerð lokið

## 10.1 Persónuvernd

### MARKMIÐ 1

### Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda

| Aðgerð | Tímabil |
| --- | --- |
| ● Greina þarfir Persónuverndar fyrir nýtt tölvukerfi, málaskrár og nýja vefsíðu m.a. til að auka skilvirkni og gæði upplýsingagjafar. | 2018 – 2019 |
| ● Úttektarstefna verði fullbúin og framkvæmd. Stefnt er að reglulegum úttektum á fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum. Fræðslustefna verði fullbúin og framkvæmd. Hún mun byggjast á greiningu á helstu hagsmunaaðilum og þörfum samfélagsins á tveggja ára tímabili. | 2018 – 2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 2

### Aukin ánægja viðskiptavina með þjónustu og gæði hennar

| Aðgerð | Tímabil |
| --- | --- |
| ● Úttektarstefna verði fullbúin og framkvæmd. Stefnt er að reglulegum úttektum á fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum. Fræðslustefna verði fullbúin og framkvæmd. Hún mun byggjast á greiningu á helstu hagsmunaaðilum og þörfum samfélagsins á tveggja ára tímabili. | 2018 – 2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 3

### Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| ● Greina þarfir Persónuverndar fyrir nýtt tölvukerfi, málaskrár og nýja vefsíðu m.a. til að auka skilvirkni og gæði upplýsingagjafar. | 2018 – 2019 |
| ● Fræðsla vegna nýrrar evrópulöggjafar á sviði persónuverndar þar sem upplýst er m.a. Um réttindi einstaklinga og skyldur fyrirtækja og stofnana samkvæmt nýjum reglum. | 2018 – 2020 |
| ● Fræðsla vegna hlutverks persónuverndarfulltrúa sem öllum fyrirtækjum og stofnunum verður skylt að tilnefna samkæmt nýjum reglum. | 2018 – 2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## 10.3 Sýslumenn

### MARKMIÐ 1

### Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| 🟡 Samræmdir verkferlar sýslumanna á landsvísu. | 2019 – 2022 |
| 🟢 Frumvarp um rafrænar þinglýsingar lagt fram. | 2018 – 2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 2

### Aukin ánægja viðskiptavina með þjónustu og gæði hennar

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| 🟡 Samræmdir verkferlar sýslumanna á landsvísu. | 2019 – 2022 |
| 🟢 Frumvarp um rafrænar þinglýsingar lagt fram. | 2018 – 2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 3

### Réttindi einstaklinga gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda

| Aðgerð | Tímabil |
|---|---|
| 🟡 Samræmdir verkferlar sýslumanna á landsvísu. | 2019 – 2022 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

# 10.5 Útlendingamál

## MARKMIÐ 1

### Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda

| | Aðgerð | Tímabil |
|---|---|---|
| ● (Aðgerð hafin) | Ný og/eða bætt og samræmd gagnagrunns- og upplýsingakerfi aðila er starfa að útlendingamálum. | 2018 – 2020 |
| * | Samræming ferla milli allra aðila frá móttöku umsókna um alþjóðlega vernd til síðustu afgreiðslu mála. | 2018 – 2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

** Mælikvarða breytt*

## MARKMIÐ 2

### Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda

| | Aðgerð | Tímabil |
|---|---|---|
| * | Samræming ferla milli allra aðila frá móttöku umsókna um alþjóðlega vernd til síðustu afgreiðslu mála. | 2018 – 2020 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

** Mælikvarða breytt*


LÖGREGLAN
24-246
LÖGREGLAN

# Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

33.9 m.kr var ráðstafað vegna tveggja opinberra heimsókna, til Lögreglustjórans á Suðurnesjum (3.6 m.kr), Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (19.6 m.kr), Ríkislögreglustjóra (8.4 m.kr), Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra (1.9 m.kr) og Lögreglustjórans á Suðurlandi (0.4 m.kr) vegna tveggja opinberra heimsókna. Auk þess var varasjóðurinn styrktur um 124.8 m.kr.

18.5 m.kr. var ráðstafað á árinu til stjórnsýslu DMR vegna hallareksturs og aukins kostnaðar. Varasjóðurinn var styrktur um 7.4 m.kr.

Varasjóður dómstóla var styrktur á árinu um 27.8 m.kr.

Varasjóður Landhelgisgæslunnar var styrkur á árinu um 3 m.kr.

## Ráðstöfun varasjóða á árinu 2019

| **2.2 Dómstólar (06.998.110)** | **Upphæð í m. kr.** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 9,3 |
| Tekjufært framlag | 7,8 |
| Fjáraukalög 2019 | 20 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **37,1** |

| **9.1 Löggæsla ( 06.998.115)** | **Upphæð í m. kr.** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 49,8 |
| Tekjufært framlag | 39,8 |
| Millifært af safnlið | 85 |
| Fjárveiting v.tveggja opinberra heimsókna | -33,9 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **140,7** |

| **9.2 Landhelgi (06.998.120)** | **Upphæð í m. kr.** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 22,5 |
| Tekjufært framlag | 3 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **25,5** |

| **10.4 Stjórnsýsla DMR (06.998.1250)** | **Upphæð í m. kr.** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 17,5 |
| Tekjufært framlag | 7,4 |
| Fjárveiting v.hallar. og aukins kostnaðar | -18,5 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **6,4** |

# Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Skýringar á helstu frávikum ríkisaðila og árslokastaða

Í frávikagreiningu málefnasviða og málaflokka var gerð grein fyrir stöðu Hæstaréttar, réttaraðstoð og bætur og útlendingamála.

Þrátt fyrir töluverðan afgang Hæstaréttar, Landsréttar, Löggæslunnar og Þjóðkirkjunnar eru frávik málefnasviðanna vel undir 4% viðmiðum fjárheimilda stofnananna.




*Fjárhæðir í milljónum króna*




*Fjárhæðir í milljónum króna*

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið